



Rannsóknarmiðstöð  
um stjórnarhætti

## Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

2013

Mannvit hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðuleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti veitti fyrirtækinu Mannvit hf. viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum árið 2012. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að endurnýja viðurkenningu á góðum stjórnarháttum Mannvits hf. fyrir árið 2013.

Viðurkenningin er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af endurskoðendafyrirtækinu KPMG ehf. 29. maí 2012.

Niðurstaða úttektar KPMG ehf. á stjórnarháttum Mannvits hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Úttektin sýnir að stjórn Mannvits hf. hefur brugðist við þeim tillögum sem Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti lagði til í umsögn um stjórnarhætti félagsins árið 2012. Eins og áður er Mannvit hf. til fyrirmyndar á Íslandi þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áður nefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.